


BAK-GRUNNMYND

Skýringar:


Ónefnd mál eru cm

Gallveggir rishæðar eru úr timbri, reistir á hefðbundinn hátt, sama gildir um útveggi kvista. Allt efni skal vera beint, húspurr og laust við stóra kvisti og aðra galla. Timbur skal ekki vera lakara en í flokki 24. Fótstycki skal festa á steyptan kant sem er á plötu. Undir fótstyckið komi 33 cm breiður tjörupappi, brettur upp með hliðum fótstykkis, og festist undir trétex að utan og lista að innan. Fótstycki grindar er fest við undirstöðuna með 12 mm boltum eða snitteinum c/c 60 cm.

Ø 100 LÖFRESTDÖR MEÐ EIGNETI AÐ UTANVERÐU




BALKANTUR



SNIED AA

30 OKT 1995



Aður en trétex er klætt utan á vegg skal þetta meðfram fótstycki á eftirfarandi hátt: Setja bakfyllingarefni þar sem steinn og fótstycki mætast, límband, snæri eða þh. og fylla síðan vel yfir með teygjanlegu polyuretan fyllingarefni sem nær upp á tjörupappann og niður á steyptan kantinn. Þurfi að laga steypta kantinn til að ná fullkominni þéttingu, skal það gert áður en grind er reist.

Timburgrind er unnin úr 50x125 mm stöðum afréttum og þykktarhefluðum á kanta, með millibilinu 60 cm mest, mælt miðju í miðju. Bera skal á stöðir tvær umferðir fúavarnarefni og láta þorna vel á milli umferða.

Allar samsetningar við undirstykki, gluggaop, hurðarop og vegglaegju skal girða. Negling girðis skal vera 3x3,5" galv. báðu megin á uppistöður. Á milli stöða komi lausholt, 50x125 mm með ca 75 cm millibili. Negling skal vera 3x4" í hvorn enda lausholta.

Sperruendar skulu vera fúavarðir með tveim umferðum samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda.

Til skástífgingar eru notuð vindtogbönd 40x2 mm, sem neglast með kamsaum 40/40, 1 stk í hverja sperru. Vindtogböndin eru strekkt og hvor endi beygður niður sperru og negld þar með 5 stk kamsaum 40/40. Naglar og jarnfestingar skal vera heitgalvanhúðað.

Gæta þarf þess vel að hér er verið að breyta gömlu húsi og þarf að taka tillit til þess við útfærsluna. Td. þarf að aðgæta öll mál og aðlaga þau núverandi útfærslu.

Við breytingar þessar er ekki gert ráð fyrir að rífa allt þakið, heldur bara það sem þarf til að framkvæma breytingarnar. Þannig er td. gert ráð fyrir að hlið þaksins í suður haldist og norðurhliðin einnig, nema þar sem kvisturinn verður. Gert er ráð fyrir að eldri sperrur fái að vera óhreyfðar, nema þar sem þær lenda í veginum fyrir nýju sperrunum. Þetta er gert til að ekki þurfi að hrófla við frágangi við þakrennur á þessum hliðum. Gæta þarf þess að negling þakborða við sperrur rýrist ekki við breytinguna.

1	8.09.1995	FRAGANGUR SPERRA SYNDUR VIKUST.	AF	Hannart SÍÐUMÚLA 1, 108 REYKJAVÍK S: 687317 FAX: 687320 KT.: 670686-1599	REIKN: <i>[Signature]</i>	VERK: Hólabraut 8, Hafnarfirði	BLAD: 200
NR:	DAGS	BREYTING	AF		SAMPR: <i>[Signature]</i>	DAGS: 04.08.1995	EFNI: Burðarvirki: Sperruplan og snið